

**1994 nr. 162 31. desember****Lög um lífræna landbúnaðarframleiðslu**

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að tryggja að framleiðsla, úrvinnsla, flutningur, geymsla og dreifing landbúnaðarafurða sem framleiddar eru með lífrænum aðferðum lúti ákveðnum reglum á lögbylum og í fyrirtækjum sem hafa fengið vottun til notkunar á vörumerki lífrænnar framleiðslu.

■ **2. gr.** Lög þessi taka til framleiðslu, vinnslu, flutnings, geymslu og dreifingar hvers konar lífrænna landbúnaðarafurða.

□ Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til.

■ **3. gr.** Innlendum sjálfstæðum stofum, einstaklingum eða stofnunum er heimilað að annast vottunarþjónustu fyrir lögbyli og fyrirtæki í lífrænni framleiðslu að því tilskildu að þær hafi faggildingu. Þær nefnast vottunarstofur.

□ Faggildingu vottunarstofa annast Löggildingarstofan í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra vottunarstofa og nánari reglur er landbúnaðarráðherra setur.

■ **4. gr.** Landbúnaðarráðherra veitir framleiðendum starfsleyfi að uppfylltum kröfum skv. 3. gr. og heldur skrá um öll lögbyli og fyrirtæki sem hafa fengið vottun um lífrænar framleiðsluáferðir. Gerist þessir aðilar brotlegir getur landbún-

naðarráðherra svipt þá starfsleyfi og heimild til að nota vörumerki um lífræna framleiðslu.

■ **5. gr.** Forsvarsmönnum lögbyla eða fyrirtækja í lífrænni framleiðslu er skylt að veita landbúnaðarráðherra eða samningsbundnum vottunarstofum allar upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við vottunina, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem lífrænar landbúnaðafurðir eru unnar eða geymdar. Vottunarstofur skulu fara með upplýsingar sem þær afla sem trúnaðarmál. Skylt er að láta vottunarstofu í té án endurgjalds sýni af lífrænni framleiðslu til rannsókna.

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðherra setur reglugerð<sup>1)</sup> þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2092/91, með síðari breytingum.

<sup>1)</sup> Rg. 219/1995, sbr. 90/1998, 395/1999 og 946/2000.

■ **7. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar nefnd er skal vera til ráðuneytis um reglur, staðla, vottun og allt er varðar lífræna landbúnaðarframleiðslu. Auk fulltrúa ráðherra, sem skal vera formaður nefndarinnar, tilnefna hagsmunaaðilar fulltrúa í nefndina samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.